

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Háskóli Íslands - Sæmundargata 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 6. júlí 2023, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1224/2022, sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 2 við Sæmundargötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmarkaður er reitur fyrir óupphitað, hálfopið reiðhjólaskýli á bílastæði suðvestan við aðalbyggingu Háskólans. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýr landspítali við Hringbraut – Njólögata /Burknagata.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 13. júlí 2023, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1224/2022, sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga, breytingu á deiliskipulagi Hringbrautar, færslu vegna lóðarinnar Njólögötu/Burknagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að loka Njólögötu við Burknagötu og koma þar fyrir akstursaðkomu á aðkomusvæði að blóðsýnaafhendingu ofan á aðkomustalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 28. júlí 2023.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 28. júlí 2023